

Tónmennt 4. bekkur

Kennarar: Marta Hrafnisdóttir; Svava María Þórðardóttir

4

Lýsing

Tónmennt er innan námssviðs list- og verkgreina í aðalnámskrá. Þrátt fyrir mismunandi inntak, aðferðir og áherslur list- og verkgreina er einnig margt sem tengir þær saman. Hæfniviðmiðum fyrir tónmennt er skipt í þrjá flokka: Söngur og hljóðfæraleikur, Sköpun og skráning og Hlustun og greining. Flokkarnir tengjast hver öðrum sem og öðrum námsgreinum. Mikilvægt er að tónlistin sé tengd öllu skólastarfi óháð námsgreinum.

Tímabil

Skólaárið 2025-2026.

Yfirferð námsefnis

Í **Árgangsáætlun** fyrir tónmennt 4. bekkja eru hæfniviðmið (námsmarkmið), námsefni (námsleiðir), námsmat (áætlun) og samþætting útlistuð. Hún er hluti af skólanámskrá Melaskóla, greinasviði. Árgangsáætlun, þ.e. kennsluáætlun árgangsins fyrir skólaárið, er kynnt nemendum og foreldrum á hópfunði að hausti (sbr.: *Námskynning*).

Árgangsáætlun er til grundvallar *vikúáætlunum* kennara.

Kennslustundir á viku: 1,5 (sbr. viðmiðunarstundaskrá).

Námsþættir og viðfangsefni í tónmennt taka mið af *hæfniviðmiðum* árgangsins og leiðsagnarnámi. Nemendum er sagt *hvers vegna* þeir eru að læra ákveðin atriði, þ.e. upplýstir um hæfnina sem stefnt er að með náminu (sjá hæfniviðmið árgangsins). Kennsluáðferðir, námsefni og matsaðferðir (þ.e. hvernig, hvað og hvenær) taka mið af því.

Námsþættir og viðfangsefni í tónmennt 4. bekkja á skólaárinu eru:

- tónlistarflutningur og mat á honum
- tónlistarhugtök
- jólahelgileikur 4. bekkja
- spunaverkefni byggt á hljóðskynjun
- „Ísland áður fyrr“
- rímur, þjóðlög og þjóðdansar
- árstíðarbundin sönglög og samsöngur
- nótnatákn
- hljóðfæraflokkar og raddgerðir

Kennsluáðferðir

Kennsluhættir (áherslur, kennsluáðferðir, vinnulag) í tónmennt 4. bekkja taka mið af *leiðsagnarnámi*.

Melaskóli nýtir sér *ffölbreytta kennsluhætti* innan allra árganga til að styrkja tónmenntarkennslu, m.a.: markvissar innlagnir kennara, umræður, hlustun, áhorf og tjáningu, einstaklings- og hópverkefni, smíðjur og þemavinnu, samþættingu námsgreina, sköpun og verkefni ásamt útikennslu.

Tónlist hefur á öllum tímum í öllum samfélögum verið samofin lífi og starfi manna. Hún hefur því margþætt tengsl við allar námsgreinar. Meginmarkmið er að vekja með nemandanum jákvæða afstöðu til tónlistar, efla áhuga hans á tónlist með tónlistariðkun og þroska hæfni hans til að njóta hennar. Ennfremur að nemendur geri sér grein fyrir gildi tónlistar fyrir einstaklinginn og samfélagið.

Í tónmennt í Melaskóla er aðaláhersla á: Söng og raddbeitingu, hljóðfæranotkun, hlustun, hreyfingu, lestur og ritun. Sköpun tengist framangreindum þáttum og skipar stóran sess í kennslunni. Áhersla er á sjálfstæð vinnubrögð nemenda, samvinnu og skapandi hugsun. Þar sem

Því er komið við er farið á tónleik.

Í kennslunni er stuðst við:

- einstaklings-, samvinnu- og hópvinnu (söngur, hljóðfæraleikur, samspil/spuni, hlustun, vinnublöð, hrynsþjöld)
- leiki (einbeitingarleiki, félags- og samvinnuleiki, hreyfileiki, leikdansa)
- þemu og tónmenntaval
- samstarf/sambættingu við bekkjarkennara og sérgreinakennara

Áherslan í tónmennt 4. bekkja er að:

- öðlast vaxandi færni í flutningi á tónlist, lögum og stefjum eftir minni, heyrn og nótnatáknum
- meta eigin tónlistarflutning, hreyfingu og tónsköpun
- þekkja og geta greint hugtök, s.s. háa tóna og djúpa tóna, hratt og hægt, bjart og dimmt, langt og stutt, púls og hryn, sterkt og veikt, endurtekningu og andstæður, hljóð og þögn, einn tón eða fleiri og hendingar
- geta unnið í litlum hóp að sameiginlegu spunaverkefni byggt á tón/hljóðsköpun og flutt það með hópnum
- taka þátt í verkefnum: Jólalagaleikur 4. bekkja
- geta tjáð sig á einfaldan hátt um sögulegt og samfélagslegt samhengi tónlistar sem hann hefur flutt eða heyrt
- taka þátt í verkefnum: „Ísland áður fyrr“
- kynnast rímum, þjóðlögum og þjóðdansi
- þekkja fjölbreytt árstíðarbundin lög
- geta greint og metið notkun nótnatákna í tónlist
- þekkja og geta greint helstu hljóðfæraflokka og raddgerðir

Sköpunargleði er eitt af gildum Melaskóla. Allir nemendur búa yfir sköpunarhæfileikum sem nauðsynlegt er að efla og þroska með þeim.

Áherslur Melaskóla í list- og verkgreinum við lok 4. bekkjar eru að nemandinn geti:

- tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt
- hagnýtt þá leikni sem hann hefur öðlast í einföldum verkefnum
- gert grein fyrir hugtakinu tækni og hvernig það tengist vinnu hans
- gengið frá eftir vinnu sína
- unnið einföld verkefni í hópi
- lagt mat á eigin verk

Áherslur Melaskóla í tónmennt eru að nemendur:

- afli sér upplýsinga, þekkingar um viðfangsefnið og vinni úr hugmyndum sínum
- sýni afrakstur hugmyndavinnu sinnar í framkvæmd (sbr. verkleg vinna)
- ræði saman, meti og ígrundi vinnu sína og vinnubrögð (sbr. lokaafurð)
- setji vinnu sína í sögulegt og menningrlegt samhengi

Grunnþættir menntunar:

Um grunnþætti menntunar, tengsl þeirra við stefnu, markmið og árgangaáherslur Melaskóla má lesa í almenna hluta skólanámskrárinnar (kaflar 2.1 og 2.2).

Námsaðlögun:

Hugmynda- og aðferðafræði leiðsagnarnáms er höfð að leiðarljósi til að koma til móts við mismunandi þarfir og getu nemandans, styrkja námshæfni, námshvöt og námsaðlögun hans með markvissri endurgjöf. Litið er á "mistök" sem námstækifæri, þ.e. mikilvægan þátt í námsaðlögun hvers og eins í skóla án aðgreiningar.

Námsmat

Námsmat í tónmennt 4. bekkja byggir á *fjölbreyttu hæfni- og leiðsagnarmati*, t.d.: umsögnum, símati (vinnuframlag, samvinna, frágangur, ástundun) - sjálfsmati og jafningjamati - verkefnum (einstaklingsverkefni, hópverkefni) - vinnubókum.

Umsögn í tónmennt byggist á því að nemandinn taki virkan þátt í tímum, þ.e. hann sé samstarfsfús og leggi sig fram við að fara eftir fyrirmælum kennara, taki þátt og vandi sig í söng og samspili, hlusti vel og taki þátt í umræðum.

Matsviðmið í tónmennt taka mið af listgreinum í heild. Fjölmörg *matsverkefni* í tónmennt eru lögð fyrir nemendur á hverju skólaári eftir leiðsagnarnám í skilgreindum námslotum. Um leiðbeinandi stöðu- og framvindumat er að ræða, jafnt og þétt yfir skólaárið. Námsmatið birtir *matsferil* nemenda sem er foreldrum aðgengilegur í Minn Mentor, upplýsinga- og tölvukerfi skólans.

Matskerfi Melaskóla fyrir 1. - 7. bekk grundvallast á hæfnieinkunnum sem birtar eru með tveimur matskvörðum. Annars vegar er notaður *táknkvarði* með fjórum táknum almennt í öllum árgöngum, hins vegar *bókstafakvarði* með sex stöfum í lokahæfnimati í 4. og 7. bekk.

Námsmat í tónmennt 4. bekkja er: hvetjandi, fjölbreytt, reglulegt, sanngjarnt, áreiðanlegt, óhlutdrægt, heiðarlegt, samræmt innan árganga og stiga. Það nær til þekkingar, leikni og hæfni. Það er í takt við hæfniviðmið, kennsluáherslur og tekur mið af nemendahópnum. Kennarar innan árganga vinna saman í teyimum að þessum markmiðum.

2025_ Tónmennt fyrir 1.- 4. bekk

- **Hæfnieinkunn (tákn)**
- **Hæfnieinkunn (A-D)**

2025_ Tónmennt fyrir 1.- 4. bekk - Söngur og hljóðfæraleikur

- Geti beitt rödd sinni og tekið þátt í söng.
- Geti leikið þrástef og einfaldar laglínur á skólahljóðfæri eða annað hljóðfæri í samspili.
- Geti leikið einfaldan hryn á takthljóðfæri í samspili.

2025_ Tónmennt fyrir 1.- 4. bekk - Sköpun og skráning

- Geti leikið einfaldan spuna á skólahljóðfæri.
- Geti samið eigið verk og skráð með grafískri nótnaskrift.
- Geti samið, einn eða í hóp, stutt lag eða hljóðverk.
- Geti notað upptöku- eða tónlistarforrit til að taka upp hljóð og unnið með það á einfaldan hátt.
- Geti notað tónlistarforrit til að semja stutt verk.

2025_ Tónmennt fyrir 1.- 4. bekk - Hlustun og greining

- Geti greint og þekkt helstu hljóðfæraflokka, valin hljóðfæri innan hvers flokks og algengustu skólahljóðfærin.
- Geti rætt um eigin tónlist og samnemenda út frá smekk og upplifun.
- Geti greint ólíkar raddir og einföld stílbrigði í tónlist.
- Geti myndað sér skoðun á tónlist sem hann heyrir.



Syngjandi skóli

Rafbók

(https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/syngjandi_skoli/)



Tónlist og líkaminn

Rafbók

(https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/Tonlist_og_likami/)



Tónlist og tíminn, nemendabók

Rafbók

(https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/Tonlist_og_timinn/)



Tónlist og umhverfi

Rafbók

(https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/Tonlist_og_umhverfi/)



Námsefni frá kennara

Valið námsefni og ítarefni frá kennara